



Grunnskólinn á Hólmavík auglýsir 80% stöðu stuðningsfulltrúa frá 1. nóvember 2012 - 31. maí 2013.

Um starfið

Vinnutími stuðningsfulltrúa er alla virka daga frá kl. 8:00-14:00 auk þátttöku í teymis- og starfsmannafundum og sérverkefnum sem tilheyra skólastarfinu. Stuðningsfulltrúi vinnur í teymi með kennurum bekkja, fulltrúa sérkennslu og iðjupjálfa. Starfsvettvangur stuðningsfulltrúa er inni í bekk og á öðrum starfsstöðum Grunnskólans eða umhverfi hans. Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði nemenda, ásamt því að veita þeim félagslegan og námslegan stuðning í daglegum athöfnum. Starfið tekur mið af einstaklingsáætlunum sem hafa það að markmiði að draga smám saman úr þörf nemanda á stuðningi í þeim tilvikum þar sem það er hægt. Nánari starfslýsingu má nálgast hjá skólastjóra.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Umsækjendur skulu vera 20 ára eða eldri.

Starfstími er frá 1. nóvember 2012 - 31. maí 2013.

Umsóknum skal skilað skriflega til:
Grunnskólinn á Hólmavík
b/t skólastjóra
Skólabraut 20 -22
510 Hólmavík

Athugið að ekki er tekið á móti umsóknum með tölvupósti. Umsækjendum er bent á að vanda umsóknir. Þar þurfa að koma fram allar grunnupplýsingar um umsækjanda, starferill, menntun og upplýsingum um meðmælendur.

Umsóknarfrestur er til 15. október 2012.

Frekari upplýsingar veitir Hildur Guðjónsdóttir skólastjóri í s. 661-2010, 451-3129 hildur@holmavik.is